

Fimmtudaginn 23. mars 1995.

Nr. 118/1994. **Sigurjón Andrússon**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Páli Erlingssyni

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

og gagnsök

Lausafjárkaup. Galli. Frávísun að hluta. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. mars 1994 og krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði með stefnu 12. apríl sama ár. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 468.875 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 18.376 krónum frá 31. mars 1993 til 30. apríl s. á., af 22.756 krónum frá þeim degi til 10. júní s. á., af 277.501 krónu frá þeim degi til 31. júlí s. á., af 303.086 krónum frá þeim degi til 31. ágúst s. á., en af 468.875 krónum frá þeim degi til greiðsludags, til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Héraðsdómur vísaði frá dómi kröfu gagnáfrýjanda í framhaldssök á þeim forsendum, að hún væri vanreifuð, en þeirri kröfu heldur gagnáfrýjandi nú fram sem aðalkröfu í málinu. Gafst aðilum eigi kostur á að tjá sig sérstaklega um það atriði málsins, áður en dómur var upp kveðinn, sbr. 100. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafan, sem vísað var frá dómi, nam tæpum þriðjung af heildarkröfu gagnáfrýjanda. Hefði átt að kveða upp sérstakan úrskurð um frávísun kröfunnar að undangengnum munnlegum málflutningi. Það gerði héraðsdómari ekki. Gagnáfrýjandi kærði ekki

frávísunarákvæði héraðsdóms og áfrýjaði honum ekki til ómerkingar. Verður því ekki fjallað nú um efni aðalkröfu gagnáfrýjanda.

II.

Hinn 12. mars 1992 seldi aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda bifreið, Mercedes-Benz 380 SE, árgerð 1981, sem þá hafði verið ekið um 125.000 km. Kaupverð var 1.375.000 krónur. Vél bifreiðarinnar bræddi úr sér í byrjun maí 1992, eftir að gagnáfrýjandi hafði að eigin sögn ekið henni um 3.000 km.

Dómkvaddir matsmenn hafa talið, að úrbræðslu vélarinnar megi rekja til þess, að full hersla hafi ekki verið á legubakka, eftir að vél hafi verið tekin upp og sett saman aftur, og að það hafi verið gert, áður en gagnáfrýjandi keypti bifreiðina. Héraðsdómur, sem skipaður var sérfróðum meðdómsmönnum, hefur fallist á þetta mat á orsökum úrbræðslunnar. Engar heimildir eru í málinu um, hvenær vélin hafi verið tekin upp og vanræksla sú hafi orðið, sem leiddi til úrbræðslunnar. Að mati hinna dómkvöddu matsmanna hefur bifreiðinni getað verið ekið 2.000 til 5.000 km með skrúfbolta þannig óherta, þar til þeir losnuðu með þeim afleiðingum, að smurprýstingur féll niður og skemmdin varð.

Aðaláfrýjandi átti bifreiðina í eitt ár og kveðst hafa ekið henni lítið. Hann hefur fullyrt, að vélin hafi ekki verið tekin upp á þeim tíma og að svo hafi ekki heldur verið, er sá átti, sem hann keypti af. Hann styður sýknukröfu sína þeim rökum, að engin sönnun sé fram komin af hálfu gagnáfrýjanda fyrir því, að legubakkinn hafi verið laus, þegar kaup gerðust 12. mars 1992, og engin sönnun sé fram komin um, hvenær vanrækslan hafi orðið. Með vísan til 44. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup hafi bifreiðin verið komin í ábyrgð kaupanda, þegar tjónsatburðurinn gerðist, og því beri aðaláfrýjandi ekki ábyrgð gagnvart gagnáfrýjanda.

Með matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, sem héraðsdómur, skipaður sérfróðum meðdómsmönnum, féllst á, telst sannað, að bifreið sú, sem aðaláfrýjandi seldi gagnáfrýjanda, hafi verið með leyndan galla, er kaupin gerðust. Galli þessi stafar af vanrækslu þess, sem sett hefur vélina saman eftir viðgerð, sem framkvæmd hefur verið, áður en bifreiðin var seld gagnáfrýjanda. Ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um skyldu aðaláfrýjanda til að

greiða kostnað við viðgerð á vél bifreiðarinnar. Mati hinna dómkvöddu matsmanna á þeim kostnaði hefur eigi verið hnekktt og verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur um annað en málskostnað.

Dæma verður aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir. Athuga ber, að í héraðsdómi var gagnáfrýjanda dæmd miklum mun hærri fjárhæð í málskostnað en fram lögðum reikningi hans nam, sem var 77.441 króna að meðtöldum matskostnaði og virðisauka-skatti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Aðaláfrýjandi, Sigurjón Andræsson, greiði gagnáfrýjanda, Páli Erlingssyni, samtals 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 16. febrúar 1994.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 17. f. m. að undangenginni aðalmeðferð og munnlegum málflutningi, er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, út gefinni 2. febrúar 1993, en birtri 18. febrúar s. á., af Páli Erlingssyni, kt. 171273-5369, Lindási, Innra-Akraneshreppi, Akranesi, á hendur Sigurjóni Andræssyni, kt. 101270-3279, Faxastíg 39, Vestmannaeyjum. Með framhaldsstefnu, út gefinni 28. september 1993, en þingfestri 13. október s. á., jók stefnandi við fyrri kröfugerð sína í málinu, sbr. 29. gr. laga nr. 91/1991. Framhaldssök var sameinuð aðalsök, og eru endanlegar dómkröfur stefnanda þessar:

„Að stefndi verði aðallega dæmdur til að greiða 468.875 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 18.376 kr. frá 31/3 1993 til 30/4 1993, af 22.756 kr. frá þeim degi til 10/6 1993, af 277.501 kr. frá þeim degi til 31/7 1993, af 303.086 kr. frá þeim degi 31/8 1993, en af 468.875 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Að stefndi verði til vara dæmdur til að greiða 320.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 7/1 1993 til greiðsludags.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Að við tildæmdan málskostnað leggist virðisaukaskattur skv. lögum nr. 50/1988.“

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins og að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti.

II.

Aðalkröfu sína í málinu reisir stefnandi á reikningum, annars vegar frá Vélaverkstæðinu Kistufelli, Reykjavík, en hins vegar frá Bíla- og vélapjónustu Hjalta Njálssonar. Eins og að ofan greinir, nemur krafa þessi samtals 468.875 krónum, og er hún sundurliðuð og skýrð í stefnu, diskj. 1 B., og kemur eftirfarandi skýrgreining þar fram:

„Stefnandi hófst handa um það nú í sumar að láta gera við bifreiðina. Hefur komið í ljós, að kostnaður við þá viðgerð, sem nauðsynleg var, reyndist mun hærri en matsmenn höfðu gert ráð fyrir í mati sínu. Nam viðgerðarkostnaður stefnanda samtals 468.875 kr., 148.875 krónum hærri en niðurstaða matsmanna.“

Í stefnu eru reikningarnir síðan tilgreindir í tveimur liðum, og kemur þar fram, 1) að viðgerð hjá Kistufelli nam 254.745 kr., en 2) umkrafin fjárhæð vegna viðgerðar hjá Bíla- og vélapjónustu Hjalta 214.130 kr. Í stefnu segir, að byggt sé á þeirri málsástæðu, að sannað sé, að vél bifreiðarinnar HG-817 hafi verið gölluð og gallinn verið leyndur. Beri stefnda því að bæta stefnanda það tjón, sem hann hafi sannanlega orðið fyrir. Það tjón, sem stefnandi hafi orðið fyrir, nemi þeim kostnaði, sem hann hafi orðið að leggja í til að gera við gallann. Þrátt fyrir þetta er í stefnu ekki gerð hin minnsta tilraun til að skýra reikningana með hliðsjón af þeirri málsástæðu, sem dómkrafan er reist á, þ. e., að tilgreindur viðgerðarkostnaður hafi verið nauðsynlegur til að bæta stefnanda það tjón, sem hann hafi orðið fyrir vegna þess galla, sem á bifreiðinni hafi verið. Aðalkrafa stefnanda þykir þannig vera í verulegum atriðum vanreifuð, og verður ekki hjá því komist að vísa henni sjálfkrafa frá dómi.

III.

Hinn 12. mars 1992 keypti stefnandi af stefnda Mercedes-Benz bifreiðina HG 817, árgerð 1981. Áður en kaup voru gerð, hafði stefnandi, sem er sjómaður, látið mág sinn skoða bifreiðina, og skrifaði móðir stefnanda undir söluskilmála í umboði stefnanda, er kaup voru gerð. Stefnandi sótti síðan bifreiðina daginn eftir. Í framhaldi af því lét stefnandi Bíla- og vélapjónustu Hjalta, Akranesi, gera við sjálfskiptinguna í bifreiðinni, enda mun stefndi hafa látið stefnanda vita um annmarka á bifreiðinni að þessu leyti. Um mánuði eftir, að kaup voru gerð, er bifreiðin var nýkomin úr sjálfskiptingar-

viðgerðinni, varð stefnandi, er hann ók bifreiðinni, skyndilega var við bank í vélinni, sem síðan varð viðvarandi. Stöðvaði stefnandi bifreiðina og lét draga hana á Bíla- og vélapjónustu Hjalta.

Vitnið Hjalti Njálsson hefur upplýst, að stefnandi hafi, er hann kom með bifreiðina, kvartað um bank og óhljóð í bílnum. Kvaðst vitnið hafa byrjað að rífa „heddið“ frá og þá séð, að „heddboltar“ voru „mixaðir“. Var vélin síðan tekin upp úr bílnum, og er pannan var tekin undan, sást að sögn vitnisins, að einn legubakkinn var laus. Þá sagðist vitnið ekkert hafa átt frekar við vélina, en bent eiganda á að leita réttar síns og fá dómkvadda matsmenn.

Hinn 11. maí 1992 fer stefnandi fram á það við bæjarfógetann á Akranesi, að dómkvaddir verði tveir hæfir og óvilhallir menn til að skoða og meta vél bifreiðarinnar. Í matsbeiðni, dskj. 6, segir m. a. eftirfarandi:

„.....Þess er óskað, að hinir dómkvöddu matsmenn skoði og meti eftirfarandi atriði:

1. Skoði og lýsi ástandi vélar bifreiðarinnar HG 817.
2. a. Er legubakki undir stimpli laus, og ef svo er, af hvaða ástæðum er hann laus? Hefur laus legubakki valdið skemmdum á vél bifreiðarinnar? Eru einhverjar aðrar ástæður fyrir því tjóni, sem orðið hefur á vél bifreiðarinnar?
- b. Hvaða viðgerðir þurfa að fara fram á vélinni, og hvað kosta viðgerðirnar?
3. Hefur vél bifreiðarinnar verið tekin upp nýlega?
4. Ef legubakki undir stimpli er laus, er þess óskað, að matsmenn láti í ljós álit á því, hvort um leyndan galla er að ræða (þ. e., hvort við venjulega skoðun á bifreiðinni komi í ljós, að legubakki undir stimpli sé laus).
5. Þess er óskað, að matsmenn láti í ljós álit á því, hvort þær ástæður (laus legubakki), sem ollu tjóni á vél bifreiðarinnar, hafi verið til staðar 12. mars 1992.

...“

Í matsgerð Ólafs Eybergs Guðjónssonar og Guðjóns Péturssonar bifvéla-virkjameistara, dskj. 7 og 13, segir:

1. Í ljós kom, að boltar, sem halda legubakka á stimpilstöng, höfðu losnað með þeim afleiðingum, að vélin bræddi úr sér og sveifarásinn er ónýtur, einnig er einn sýlinder vélarinnar mjög rifinn, en þá skemmd teljum við vera eldri.
2. a) Við teljum þá skýringu líklegasta, að boltar, sem halda legubakka, hafi ekki verið nægjanlega hertir við samsetningu vélarinnar. Þess vegna hafi þeir losnað.

2. b) Skipta þarf um sveifarás vélarinnar og bora út sýlindrana, skipta um alla stimpla og tvær stimpilstangir. Einnig þarf að skipta um allar stangarlegur og höfuðlegur.
3. Af ástandi vélarinnar að dæma álitum við, að sýlindrar vélarinnar hafi verið slípaðir og skipt um stimpilhringi.
4. Rifur í sýlindernum teljum við leyndan galla, sem engin leið er að sjá nema rífa vél í sundur. Við venjulega skoðun kemur ekki í ljós los á legubakka, nema hann sé orðinn talsvert laus.
5. Við teljum, að full hersla hafi ekki verið á legubakkanum 12. mars 1992.“

Matsmennirnir álitu (dskj. 13), að það kostaði 320.000 krónur að gera við vélina, og mátu vinnu í því sambandi 170.000 krónur, en efni 150.000 krónur.

Annar matsmannanna, Guðjón Pétur Pétursson, kom fyrir dóminn og staðfesti matið og skýrði einstaka liði þess. Hjá vitninu kom m. a. fram, að vélin hefði borið þess merki að vera nýupptekin, sbr. 3. lið matsgerðarinnar. Vélina hefði verið greinilega úrbrædd, sbr. 1. lið, og minnst vitnið sérstaklega á, að stangarlegur hefðu verið mjög ljótar svo og höfuðlegur. Ástand leganna hefði bent til þess, að vélin hefði liðið fyrir lágan smurþrýsting. Vitnið taldi, að smurþrýstingur hefði dottið niður við það, að stangarlega hafi losnað og vélin þá misst smurþrýsting þar út; við það þorni legurnar og hitni og festist síðan að lokum, eins og hér hafi orðið. Frumorsök þess, að svona fór, taldi vitnið vera þá, að þegar vélin hefði verið tekin upp, þ. e., þegar sýlindrar (strokarnir) hefðu verið slípaðir og skipt um stimpilhringi, hefði þurft að losa báða boltana, sem héldu legubakkanum á stimpilstöng, en að verki loknu hefðu þeir ekki verið hertir nógu vel og síðan komið los á þá. Þannig hafi boltarnir ekki verið fullhertir, er sala fór fram 12. mars 1992. Stimpilhringir hafi verið lausir, sem bent hafi til þess, að stimplarnir væru slitnir. Vitnið taldi, að það hefði átt að koma fram á olíuþrýstimæli í mælaborði, þegar smurþrýstingur fór að falla niður, um leið og legurnar losnuðu. Vélina hefði borið þess merki að vera kolúrbrædd vegna smurþrýstingsleysis, sem ef til vill hefði þjáð hana í 2 til 5 þúsund kílómetra.

Báðir málsaðilar gáfu aðilaskýrslu fyrir dómnum.

Stefnandi sagði, að hann hefði strax tekið eftir því, þegar hann fékk bifreiðina, að stöðugt flókt hefði verið á olíuþrýstimælinum. Hins vegar hefði nóg olía verið á bílnum, þ. e. upp undir efra striki á olíukvarða. Ekki kvaðst hann hafa rætt við stefnda um vélina, er hann sótti bifreiðina, en hins vegar hefði stefndi bent sér á, að smurolía ætti til að leka af sjálfskiptingu. Hann

neitaði því, að bíllinn hefði verið þjöppumældur að sinni beiðni, en viðurkenndi, að stefndi hefði sýnt sér reikninga þar að lútandi. Stefnandi áætlaði, að hann hefði verið búinn að aka bifreiðinni um 3.000 kílómetra, þegar bíllinn bræddi úr sér.

Stefndi kvaðst ekki vita til þess, að vélin í bílnum hefði verið tekin upp. Áður en hann seldi hana, kvaðst hann hafa átt hana í eitt ár. Hann myndi ekki, hvað búið var að aka bílnum mikið, þegar hann keypti hann á sínum tíma, en taldi ekki ósennilegt, að það hefði verið um 125.000 kílómetrar. Á meðan hann hefði átt bifreiðina, hefði hann ekki ekið henni mikið. Ekki kannaðist hann við, að flókt hefði verið á olufurýstímælinum, en hann hefði að vísu verið á hreyfingu, og hefði hann spurt umboðið, hvort það væri óeðlilegt, en fengið þau svör, að svo væri ekki.

IV.

Af hálfu stefnanda er vitnað til þeirra sjónarmiða, að leyndir gallar hafi verið á bifreiðinni. Var bent á í því sambandi, að legubakki hefði verið laus og sýlinder (stokkur) rifinn. Bifreiðin hefði ekki uppfyllt þá kosti, sem áskilið var, að hún hefði. Gallar þeir, sem hefðu verið á vél bifreiðarinnar, séu þess eðlis, að þeir sjáist ekki við reynsluakstur eða venjulega skoðun. Gallana megi rekja til stefnda, enda hafi komið í ljós við sérstaka athugun á vélinni, að við hana hafi verið átt, skömmu áður en sala hafi farið fram, þ. e. á eignartíma stefnda. Í málinu liggi fyrir matsgerð dómkvaddra matsmanna, sem Guðjón Pétur Pétursson bifvélavirkjameistari, annar hinna dómkvöddu matsmanna, hafi staðfest hér fyrir dóminum. Sönnunargildi matsins sé ómótmælt, og því hafi ekki verið hnekk. Stefnandi hafi án ástæðulauss dráttar kvartað um gallana á vél bifreiðarinnar við stefnda 8. maí 1992, sbr. dskj. 5. Lagaþjónarmið leiði til þess, að stefnandi eigi að fara skaðlaus úr viðskiptum sínum við stefnda, og séu dómkröfur stefnanda reistar á þeim sjónarmiðum með tilvísun til 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922.

Af hálfu stefnda er hins vegar vitnað til þeirra sjónarmiða, að ástæður þess, að vél bifreiðarinnar hafi brætt úr sér, verði ekki raktar til stefnda. Stefnandi hafi verið búinn að aka bifreiðinni 3.000 km, er tjón hafi orðið. Tjónið verði þannig ekki rakið til stefnda, heldur til stefnanda sjálfs. Í þessu sambandi verði einnig að hafa í huga, að stefnandi hafi verið fyllilega meðvitaður um, að hann var að kaupa 10 ára gamlan bíl. Maður á hans vegum hafi skoðað bifreiðina, áður en kaup voru afráðin, og stefnandi sætt sig við ástand bifreiðarinnar, er kaup voru gerð, sbr. afsalið á dskj. 3. Stefnandi hafi ekki kvartað við stefnda fyrr en tveimur mánuðum eftir, að kaup voru gerð; sé það allt of seint. Stefnandi hafi hugsað vel um bíllinn, á meðan hann

átti hann, og gert sér far um að hafa hann í góðu lagi, sbr. dskj. 8. Stefndandi geti ekki sótt bætur til stefnda vegna þeirra galla, sem komið hafi í ljós á eignartíma hans sjálfs, enda stefndi algjörlega grandlaus um þá, og þeir verði ekki raktir til stefnda, heldur til stefnanda sjálfs, og eigi stefnandi því ekki skaðabótarétt á hendur stefnda vegna þeirra.

V.

Í samræmi við matsgerðina á dskj. 7 og vætti matsmannsins Guðjóns Péturs Péturssonar hér fyrir dómi má leggja til grundvallar, að lausir leguboltar hafi valdið því, að vél bifreiðarinnar bræddi úr sér. Matsmenn telja, að full hersla hafi ekki verið á legubakka, er kaup voru gerð. Þá er það niðurstaða þeirra, að vélin hafi borið þess merki, að sýlindrar (strokkar) hafi verið slípaðir og skipt um stimpilhringi, en einn sýlinder (strokkur) vélarinnar hafi greinilega verið rifinn, sem ekki hafi verið hægt að sjá nema með því að rífa vélina í sundur. Þá taldi matsmaðurinn Guðjón Pétur, að vélin hefði liðið fyrir smurþrýstingsleysi í tvö þúsund til fimm þúsund kílómetra.

Stefndi var ekki viðstaddur, er matið var gert, en honum var þó gefinn kostur á því, sbr. dskj. 7. Hér fyrir dómi hefur stefnda ekki tekist að hnekkja niðurstöðu matsgerðarinnar, en eins og málavöxtum er háttað, hélt stefnandi rétti sínum nægilega til haga. Með hliðsjón af því og þar sem bifreiðina vegna ágalla á vél skorti þá kosti, sem stefnandi mátti ætla, að hún hefði, er kaup voru gerð, þykir með vísan til 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup og í samræmi við niðurstöðu matsgerðarinnar á dskj. 7 og 13 mega dæma stefnda, Sigurjón Andrússon, til að greiða stefnanda, Páli Erlingsyni, 320.000 krónur í skaðabætur með dráttarvöxtum, eins og í dómsorði greinir, en í samræmi við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989. Í þessu sambandi verður litið svo á, að stefndi hafi ekki vitað um þær kröfur stefnanda, sem í dómsniðurstöðu greinir, fyrr en við stefnubirthingu 18. febrúar 1993. Er sá upphafstími vaxta, sem í dómsniðurstöðu greinir, við það miðaður, sbr. 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Eftir úrslitum máls þessa þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 110.000 krónur í málskostnað, er beri dráttarvexti í samræmi við 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags. Við ákvörðun málskostnaðar var ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum Finnþoga Eyjólfssyni og Jan Jansen bifvélavirkjameisturum dæma mál þetta.

D ó m s o r ð:

Aðalkröfu stefnanda er sjálfkrafa (ex officio) vísað frá dómi.

Stefndi, Sigurjón Andr sson, kt. 101270-3279, grei i stefnanda, P li Erlingssyni, kt. 171273-5369, 320.000 kr n r   ska ab tur, er beri dr ttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 fr  18. mars 1993 til grei sludags og 110.000 kr n r   m lskostna .
